



Góð stemning á Selfossþorablóti 2025

Selfossþorablótið 2025 fór fram í íþróttahúsinu í Vallaskóla laugardaginn 25. janúar sl. Mikill fjöldi fólks lagði leið

sína á blótið og er það árleg hefð hjá mörgum. Þorablótið hefur verið haldið á hverju árið síðan 2002. Nóg var að borða

fyrir gesti en á boðstólum var hefðbundinn þorramatur sem fólk borðaði af bestu lyst. Dagskráin var ekki af verri end-

anum en Friðrik Dór, Salka Sól, Selma Björnsdóttir, Björn Jörundur, Guðni Ágústsson og hljómsveitin Bandmenn sáu um

að skemmta gestum. Samstarfsfélag Selfossþorablóts í ár var Handknattsleikdeild UMF Selfoss.

Fjóla ráðin nýr sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps



Á fundi sveitarstjórnar í Grímsnes- og Grafningshreppi í morgun var ráðning Fjólu St. Kristinsdóttur í starf sveitarstjóra samþykkt sam-

hljóða og mun ráðningin standa út kjörtímabilið til ársins 2026.

Fjóla er fædd á Selfossi 1972 og býr þar ásamt fjölskyldu. Hún er gift Snorra Sigurðarsyni

fasteignasala og saman eiga þau þrjú börn, tengdadóttur og eitt barnabarn.

Fjóla er með MBA-gráðu frá Háskóla Íslands, BSc í við-

skiptafræði, og vottaður fjármálaráðgjafi ásamt því að hafa lokið kennsluréttindum á meistarakránni.

Starfsferill Fjólu er fjölbreyttur og býr hún yfir reynslu á sviði sveitarstjórnarmála en síðastliðin tvö ár gegndi Fjóla stöðu bæjarstjóra í Sveitarfélaginu Árborg 2022–2024. Þar áður starfaði hún í tæp sjö ár hjá Landsbankanum á Selfossi, síðast sem viðskiptastjóri á fyrirtækjaviði. Þá hefur hún unnið á velferðarsviði Árborgar og bar ábyrgð á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Síðustu ár hefur Fjóla kennt námskeiðið Velferð í fjármálum við Fræðslunet Suðurlands auk þess að kenna fjármálalæsi í grunn- og framhalds-

skólum fyrir Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu. Fjóla hefur gegnt fjölmörgum trúnaðarstörfum í gegnum tíðina og tekið virkan þátt í margvíslegri sjálfbodavinnu.

Fjóla mun hefja störf þann 1. febrúar næstkomandi.

„Ég er mjög spennt að hefja störf sem sveitarstjóri Grímsness- og Grafningshrepps og hlakka til að vinna með sveitarstjórn, íbúum, starfsfólki og fasteignaeigendum sveitarfélagsins að áframhaldandi uppbyggingu og þróun sveitarfélagsins. Það er mér mikill heiður að taka við starfi sveitarstjóra en ég tel mikil tækifæri felast í samfélaginu og sé spennandi tíma framundan“ segir Fjóla St. Kristinsdóttir.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2024

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

NÝR TOYOTA PROACE



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000

Toyota
Selfossi

Atvinna

Vantar starfsstúlku frá 10-16
alla virka daga.

Hafið samband við
Kristínu í síma 697 5210



Aðalfundarboð í Félagi eldri borgara Hveragerði 13. febrúar 2025 kl. 15.30 í Þorláksetri

Dagskrá:

- Skipan fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar um starfsárið 2024
- Ársreikningur 2024
- Félagsgjöld 2025
- Lagabreytingar

Kosningar:

- Kosning formanns til tveggja ára, kosinn sérstaklega
- Kosning eins í aðalstjórn til tveggja ára
- Kosning eins í varastjórn til tveggja ára
- Kosning eins í varastjórn til eins árs
- Kosning tveggja skoðunarmanna til eins árs og eins til vara
- Kosning fulltrúa á ársfund Landssambands eldri borgara.

Sigurlín Sveinbjarnardóttir, formaður, lætur af störfum eftir tvö kjörtímabil eins og lög kveða á um. Sigurún Guðný Arndal gengur úr varastjórn. Eftirtaldir stjórnarmenn gefa kost á sér áfram; Ingibjörg Sigurún Guðjónsdóttir, úr varastjórn, gefur kost á sér í aðalstjórn til tveggja ára. Daði Ingimundarson, varaformaður, gefur kost á sér í varastjórn til eins árs.

Tillaga uppstillingarnefndar fylgir hér með og hefur síðan 20.1.25 legið fyrir á heimasíðu félagsins, www.hvera.net og á töflu í Þorláksetri.

Einnig eru sendar hér með tillögur stjórnar að laga-breytingum.

Ársreikning félagsins 2024 er líka að finna á heimasíðu og verður auk þess dreift á fundinum. Vinsamlegast kynnið ykkur vel þessi gögn fyrir aðalfundinn.

Önnur mál: Ný heimasíða kynnt, sagt frá námskeiðum ofl.

Að fundi loknum er öllum boðið í kaffiveitingar í Þorláksetri.

Hveragerði, 26. janúar 2025

Stjórn Félags eldri borgara Hveragerði.

„Heimamaðurinn heldur manni gangandi“

Hjónin Vigfús Blær Ingason og Christine Rae reka saman morgunverðarstaðinn Byrja sem staðsettur er að Austurvegi 3 á Selfossi. Veitingastaðurinn fagnar eins árs afmæli um þessar mundir og var þeim tímamótum fagnað um síðustu helgi. Öllum viðskiptavinum var boðið upp á köku og var brjáláð að gera og helgin frábær að sögn Vigfúss.

Horfðu á rútunna keyra í gegn

Aðspurður að því hvað fékk hjónin til að opna Byrja segir hann það lengi hafa verið draum þeirra að opna „diner“ á Íslandi.

„Christine er frá Kanada þar sem „diner-ar“ eru gjör-samlega út um allt. Þeir eru mjög rótgrónir í samfélaginu. Við bjuggum í Reykjavík í sjö ár þar sem við vorum alltaf að móta þessa hugmynd við og við. Svo fluttum við á Selfoss eftir að við eignuðumst börn og vorum í fæðingarorlofi þegar við flytjum. Við eignumst svo strax annað barn þannig að það var alltaf annað hvort okkar í fæðingarorlofi. Við áttuðum okkur á því að það einhvern veginn opnar ekkert fyrir en klukkan hálf tólf. Við horfðum á rútur af ferðamönnum og alla þessa bílaleigubíla keyra hérna í gegn snemma þegar maður var úti að labba með vagninn,“ segir Vigfús í samtali við Dagskrána.

Þá kviknar hugmyndin þeirra að opna morgunverðarstað sem opnar klukkan sjö á morgnana. Þá myndu þau ná þeim inn sem ferðast snemma. Vigfús segir þau hjónin ekki hafa ætlað að fara eins hratt í ferlið og þau gerðu en staðsetningin sem þau gátu fengið var of góð til að bíða.

„Svo opnaðist þetta pláss, þetta frábæra pláss með frábæri staðsetningu. Við þurftum bara að stökkva á þetta og láta vaða. Þetta er búið að vera ógeðslega gaman, með litlu stelpurnar okkar bara með okkur. Þess vegna til dæmis er leikhorn hérna fyrir börnin. Við áttuðum okkur á því hvað var erfitt að fara út að borða með börnin almennt. Það er rosa gott að geta leyft þeim að leika hérna og maður nær að drekka kaffið á meðan það er heitt,“ segir Vigfús.



Sesar mjög vinsæll

Byrja einblínir ekki eingöngu á morgunverði. Það er opið til 15 á virkum dögum og til 16 um helgar og ásamt morgunverði er líka boðið upp á samlokur, borgara, vefjur, súpur, salöt og fleira.

Aðspurður að því hver vinsælasti rétturinn sé eru nokkrir sem koma til greina. „Í hádegismatnum er það sesarkjúklingavefjan ásamt sesarsalatinu, svo er Byrja börgerinn fljótt á eftir. Í morgunmatnum er það morgunveislan, sem er stór bröns-diskur og ommelettan er orðin mjög sterk ásamt egg benedicts. Við bættum egg benedicts á matseðil bara núna í desember og hann er búinn að vera mjög sterkur síðan.“

Upphaflega var markmiðið að ná inn ferðamönnum og horfa á þá sem helsta markhópinn. Það breyttist þegar staðurinn opnaði.

„Við sáum hvað heimamaðurinn var duglegur að koma og að koma reglulega. Í sumar þegar allt var stappað af ferðamönnum hérna þá var alveg góð helminsskipting því það var svo mikið af ekki bara Selyssingum heldur fólki hérna úr bæjunum í kring og sveitunum. Við áttuðum okkur á því að heimamaðurinn er okkar lykilkúnni. Það er það sem heldur manni gangandi eins og núna þegar það er minna um ferðamenn. Þá er bara rosa-lega gott að vita að fólk heldur áfram að mæta,“ segir Vigfús.

Leigja út salinn á kvöldin

Vigfús segir síðasta ár hafa gengið ótrúlega vel. „Þetta er auðvitað búinn að vera mikil vinna, en við sáum fram á meira

hark. Frá því að við opnuðum hefur verið fullt að gera. Núna þegar það kemur svona „slow season“ þá er bara gaman að geta einbeitt sér að alls konar hliðarverkefnum. Við erum búin að vera að keyra mat á skrifstofur og vinnustaði. Við erum með veislur og voða mikið að leigja út salinn á kvöldin, með þetta fina pláss hérna.“

Salurinn er leigður út í nánast hvað sem er, til að mynda einkaparty og vinahittinga. Staðurinn var líka að byrja í samstarfi við Gym 800 á Selfossi. „Ég er búinn að vera að fara á morgnana með vefjur og salöt og smoothie. Fólk er að háma í sig bara strax eftir æfingu. Ég hef alltaf þurft að fara í hádegina að fylla aftur á. Það gengur mjög vel. Það er gaman að geta fókusað á þessi verkefni sem maður hafði engan tíma í í sumar,“ segir Vigfús.

Gera nesti fyrir stóra hópa

Vigfús segir þau hjónin ætla að halda áfram á sömu braut og síðasta ár en þau séu þó alltaf að prófa og fíkta í matseðlinum. Ein nýjung hjá þeim er að leysa hópanestismál.

„Við erum að fá svolítið af rútum sem eru greinilega á hraðferð því þau vilja ekki stoppa neins staðar- það eru ferðamannarútur. Við græjum nesti fyrir rútuna. Ég bókstaflega stend hérna úti í rigningunni með kassa og rútan stoppar fyrir utan bókasafnið og ég stekki inn og hendi mat í alla og þau borða svo á leiðinni. Við erum bara að prófa okkur áfram og það er ógeðslega gaman,“ segir Vigfús að lokum.

EHH

Fjöldi félaga skora á Guðrúnu í formann

Landsfundur Sjálfstæðisflokksins fer fram 28. febrúar til 2. mars nk. Á fundinum verður nýr formaður flokksins kosinn þar sem Bjarni Benediktsson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér áfram eftir 16 ár sem formaður. Fjöldi Sjálfstæðisfélaga á Suðurlandi hafa skorað á Guðrúnu Hafsteinsdóttur að bjóða sig fram til formanns. Sjálfstæðisfélögin í Árborg segja hana hafa af krafti, dugnaði og framsýni komið inn í íslensk stjórnmal og óhikað barist fyrir bættu samfélagi með sjálfstæðisstefnuna að leiðarljósi.

Önnur félög sem skorað hafa á hana eru Sjálfstæðisfélagið Ægir, Sjálfstæðisfélag Hvera-

gerðis og Ungir Sjálfstæðismenn í Suðurlandshöfn.



Lindex og FRÍ „lyfta heilli þjóð“

Á dögunum var undirritaður samstarfssamningur Lindex og Frjálsíþróttasambands Íslands sem tók gildi þegar í stað og gildir fram að Ólympíu-árinu 2028. Lindex verður með samningnum aðalstyrktaraðili FRÍ sem og landsliðs Íslands í frjálsum íþróttum. Aðilar setja markið á að „lyfta heilli þjóð“.

Um er að ræða stórhuga samkomulag um að „lyfta heilli þjóð“ saman og vilja FRÍ og Lindex byggja undir bættan árangur afreksmanna í frjálsíþróttum, stórauka sýnileika og áhuga á íþróttinni og síðast en ekki síst að stefna að aukinni virkni almennings og ungmenna í ástundun frjálsra og mætingu á frjálsíþróttviðburði, heilsunnar vegna.

Lindex hefur um árabíl stutt félög innan frjálsíþróttanna með ólíkum hætti eins og stuðningur við Gamlárshlaup ÍR, móta-hald o.fl. en samningurinn mun nú virka sem eins konar hattur yfir þann stuðning auk þess sem duglega er komið að uppbyggingarverkefnum eins og Krakka-frjálsum sem ætlað er að auka möguleika yngri kynslóða til að kynna íþróttinni, móta-hald á alþjóðavettvangi og stuðningur við landslið Íslands í frjálsum auk stuðnings við aðildarfélög FRÍ. Samningnum er einnig ætlað að gefa öðrum stuðningsaðilum leið til að styðja við

íþrótt sem hefur um árabíl gefið þjóðinni ástæðu til að fagna í sameiningu en þaðan er hugmyndafræðin um að „lyfta heilli þjóð“ fengin eins og hinn frækni frjálsíþróttamaður og þjálfari, Vésteinn Hafsteinsson komst að orði.

Lindex á Íslandi er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var árið 2011 í gegnum umboðssamning við Lóu D. Kristjánsdóttur og Albert Þór Magnússon. Lindex var stofnað árið 1954 í Alingsås í Svíþjóð og er í dag alþjóðlegt tískufyrirtæki með um 4.300 starfsmenn og verslanir í 17 löndum auk netverslana um heim allan. Á Íslandi eru tíu Lindex verslanir um land allt auk netverslunar www.lindex.is.

„Það eru frábærar fréttir fyrir FRÍ að fá sterkan aðila eins og Lindex til liðs við okkur og magnað að finna metnaðinn og hugsjónina í að lyfta heilli þjóð í sameiningu. Samstarfið gerir okkur kleift að taka næstu skref,



m.a. í útbreiðslu og fræðslu sem er grunnurinn að velgengni frjálsíþróttanna nú sem í náinni framtíð. Auk þessa er frábært að fá þau inn sem okkar aðalstyrktaraðila fyrir landsliðið okkar og okkar afreksfólk,“ segir Guðmundur Karlsson framkvæðar- og afreksstjóri FRÍ um samstarfið við Lindex.

„Frjálsar hafa fylgt mér í gegnum lífið og margar af mínum fyrirmyndum, vinum og félögum koma úr íþróttinni. Ég á miklu láni að fagna að geta fylgst með næstu kynslóð nú taka við keflinu ef svo má segja og að eiga möguleika, í krafti okkar frábæru viðskiptavina í Lindex, að styðja við frábært starf þess góða fólks sem myndar frjálsíþróttastarf á Íslandi. Ég hlakka til að fagna höndum tveim þegar árangur samstarfsins lítur dagsins ljós á næstu árum,“ segir Albert Þór Magnússon, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Alexander framlengir við Selfoss

Markmaðurinn Alexander Hrafnkelsson hefur framlengt samning sinn við handknattleiksdeild Selfoss til ársins 2027.

Alexander er reynslumikill markmaður og hefur verið hluti af meistaraflokk karla síðan árið

2017. Hann á yfir 170 leiki og hefur skorað í þeim 25 mörk.

„Handknattleiksdeildin er gríðarlega ánægð með að Alexander haldi áfram með ungu og spennandi liði í Grill66 deild karla í vetur,“ segir í tilkynningu frá félaginu.



Aðalfundur Hestamannafélagsins Ljúfs

Verður haldinn í Félagsheimili Ljúfs, fimmtudaginn 13. febrúar 2025 kl. 20:00.

Dagskrá fundarins:

- Kosning formanns auk tveggja stjórnarmeðlima og eins varamanns í stjórn.
- Venjuleg aðalfundarstörf.



Stjórn Hmf. Ljúfs

Takk fyrir okkur!

Verzlun okkar á Selfossi hefur hlotið frábærar viðtöku frá opnun í febrúar 2024.

Við fögnum því daganna 3. - 7. febrúar með veitingum og skemmtilegum kaupauka.

☕ Spari kaffi alla vikuna – komdu í gott spjall og fáðu ljúffengt kaffi.

🛒 Kaupauki – þeir sem kaupa fyrir 15.000 kr. eða meira fá sérstakan glaðning frá okkur.

Við hlökkum til að sjá þig í versluninni okkar.

PÓR H F

Thakita

Opnunartími
Mán - Fös
8-17

Fyrir fagfólk
-fyrir þig



Á fimmta tug vinnur heima hjá sér í Hveragerði

Í Hveragerði hefur verið starfræktur hópur fólks sem starfar að heiman frá sér í bænum. Sigríður Hjálmarasdóttir, menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúi bæjarins, kom hópnun á fót í október og hefur hann stækkað ört síðan. Margir starfa heima hjá sér í Hveragerði svo hópur sem þessi er kærkominn til að efla tengslin og brjóta upp hversdaginn.

„Hugmyndin að stofnun þessa hóps kom upp í samtali okkar Sigurðar Markússonar í kjölfar fundar í menningar-, atvinnu- og markaðsnefnd Hveragerðisbæjar. Nefndin hafði verið að ræða hverjir möguleikarnir væru varðandi einhvers konar skrifstofuhótel í bænum, vitandi að það eru margir sem starfa heima hjá sér. Við vorum áhugasöm að vita hversu stór hópur þetta væri og fannst kjörið að

draga hann út úr húsi, hittast og mynda tengsl,“ segir Sigríður.

Hún segir viðbrögð hafa verið mjög góð og Facebook-hópurinn *Unnið heima í Hveragerði* hefur nú á fimmta tug meðlima. „Hópurinn hefur þrisvar sinnum hist í hádeginu á mismunandi stöðum og það er einstakt að sjá hversu áhugasamir allir eru um að fræðast um verkefni og störf hvers annars. Meira að segja varð til samstarf tveggja aðila strax á fyrsta hittingu,“ segir Sigríður.

Sigríður segir störfina sem fólk vinni heima hjá sér séu mjög fjölbreytt. „Ég verð að segja að það kom mér nokkuð á óvart hversu mörg og margvísleg störf eru unnin frá heimahúsum í Hveragerði. Sem dæmi um störf þeirra sem hafa verið að mæta má nefna forritara, markaðsstjóra, jarðhitasérfræð-

ing, grafískan hönnuð, áhættuleikara, skógræðing, framkvæmdastjóra, fjármálastjóra og svo mætti áfram telja. Þetta hefur verið alveg ofboðslega skemmtilegt og ég hlakka mikið til að þróa þennan hóp áfram í samstarfi við meðlimi hans.“

Aðspurð að því hvað sé framanundan segir Sigríður að stefnan sé að brydda upp á ýmsum viðburðum fyrir hópinn, s.s. kynningar á fólki og fyrirtækjum, happy hour og fleira auk hinna mánaðarlegu hádegishittinga. „Meginatriðin eru að efla tengslin, gefa fólki tilefni til að kíkja út og hitta annað fólk, fræðast og hafa gaman. Við vitum að það getur verið hálfeinmanalegt að vinna mikið einn heima svo þetta er kjörinn vettvangur til að rjúfa þá einangrun og hitta áhugavert og skemmtilegt fólk.“

Skora á heilbrigðisráðherra að beita sér fyrir lausnum í læknamálum

Málefni heilsugæslu Rangárþings hafa verið til mikillar umræðu undanfarin misseri vegna vanda við að manna stöður lækna í héraðinu. Sú staða hefur reglulega komið upp að enginn læknir er á vakt á stóru svæði á Suðurlandi. Þetta hefur skapað auknið álag á annað heilbrigðisstarfsfólk og óryggi fyrir íbúa og þann gríðarlega fjölda ferðamanna sem fer um svæðið.

Fulltrúar Rangárþings ytra, Rangárþings eystra og Ásahrepps hafa fundað með forstjóra og framkvæmdastjóra hjúkrunar og heilsugæslu HSU til að fara yfir málin og leita skýringa og lausna á stöðunni. Á þeim fundi kom meðal annars fram að grunnlæknisþjónusta í sýslunni sé tryggð út febrúar 2025. Sá tími verður nýttur til þess að auglýsa og ráða lækna í fastar stöður. Fram kom að til skoðunar séu hjá heilbrigðisráðuneytinu einhvers konar



ívilnanir til að laða að heilbrigðisstarfsfólk út á land og hvetja sveitarstjórnir svæðisins til að því máli verði hraðað eins og kostur er. Sveitarfélögin í Rangárvallasýslu leggja áherslu á að þau séu hér eftir sem hingað til tilbúin að liðka til fyrir ráðningarferlinu eins og þeim er heimilt.

Sveitarfélögin lýsa yfir verulegum áhyggjum af stöðunni og ítreka að núverandi staða og óvissa sé óboðleg þeim 4519 íbúum sýslunnar og öðrum gestum hennar. Stöðufundur verður haldinn í febrúar með HSU og send verður sameigin-

leg ályktun sveitarfélaganna í Rangárvallasýslu til heilbrigðisráðuneytisins.

Ljóst er að þessi staða hefur valdið verulega auknu álagi á annað starfsfólk heilsugæslunnar og á sjúkraflutningafólk. Vilja fulltrúar sveitarfélaganna koma á framfæri sérstökum þökkum til þeirra sem staðið hafa vaktina og sinnt framúrskarandi starfi af einstakri elju og sóma.

Sveitarfélögin skora á ráðherra heilbrigðismála að beita sér fyrir lausnum á þeirri stöðu sem nú er uppi svo tryggja megi viðunandi læknisþjónustu í Rangárvallasýslu til frambúðar.



Fiskréttur með eplum, mangó chutney og rjómaosti

Tor Steinsson Sorknes er matgæðingur vikunnar.

Ég þakka kærlega fyrir þessa áskorun og er virkilega kominn tími til að ég fái að láta ljós mitt skína líka hér. Mér finnst lok janúar vera svona algjör fiskiréttatími, og vil þess vegna deila með ykkur rétt sem ég get ekki látið vera að gera að minnsta kosti einu sinni í þessum mánuði.



600 g ýsa, þorskur eða annar hvítur fiskur skorinn í bita
2 dl rækjur (má sleppa)
2 stk. gulrætur
1 stk. púrrulaukur
1 stk. rauð paprika
1 stk. græn paprika
1 stk. græn epli
2 msk. smjör
2 tsk. gott karríduft
200 g Gamli rjómaosturinn frá Gott í matinn
1 dós 18% sýrður rjómi frá Gott í matinn
1 dl mangó chutney
Rifinn bragðmikill ostur, t.d. Óðalsostur
Paprikuduft, salt og pipar

Skref 1: Skerið fiskinn í passlega bita og kryddið með salti og pipar, leggið til hliðar.

Skref 2: Saxið grænmetið og eplið í frekar smáa bita. Hitið pönnu á meðalhita og bræðið smjör. Steikið grænmetið í smjörinu þar til það

mýkist aðeins (geymið eplabítana). Bætið karríduftinu saman við og steikið það með í 1-2 mínútur. Bætið rjómaostinum, sýrða rjómanum og mangó chutney út á pönnuna og bræðið þetta saman. Þynnið með örlitlu vatni ef ykkur finnst þetta of þykkt, en athugið að það kemur líka vökvi úr fiskinum þegar hann eldast. Dreifið eplunum og rækjunum yfir og hrærið saman. Smakkið til með salti og pipar. Leggið svo fiskinn ofan á sósuna og grænmetið og leyfið þessu að malla þar til fiskurinn er nánast eldaður í gegn.

Skref 3: Stráðið osti yfir ásamt smá paprikudufti og stingið inn í ofn undir grill í 5 mínútur eða þar til osturinn er gullinn brúnn. Stráðið yfir saxaðri steinselju og berið fram með góðu salati og brauði eða hrísgrjónum.

Ég skora næst á Steinar Sigurjónsson. Hann er ekki bara sætur og skemmtilegur, heldur er hann líka töframaður í eldhúsinu.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Alltaf skemmtilegt á Jórufundi

Mánudaginn 3. febrúar nk. kl. 19:30 verður Power-Talk-deildin Jóra með kynningarfund í Selinu, Engjavegi 48 á Selfossi þar sem ætlunin er að kynna starfsemi deildarinnar fyrir nýju fólki. Svo endilega kíktu á okkur og við munum taka vel á móti þér.

Það kannast flestir við að hafa setið fund sem byrjaði ekki á réttum tíma, fylgdi ekki auglýstri dagskrá, ítrekuð framíköll jafnvel um óviðkomandi mál efni og að loknum fundi er erfitt að átta sig á hvað var rætt og hver var niðurstaðan.

Ef þú kannast við þetta þá skaltu ganga til liðs við Power-Talk-deildina Jóra.

Í PWT Jóra æfum við okkur í vingjarnlegu umhverfi og á

jafningjagrundvelli að koma fram, skipuleggja dagskrá og halda sig við hana. Við semjum texta, kynnum okkur málefni og fjöllum um þau. Við hjálfum öryggi í framkomu og markvissan málflytningu og finnum hugsanlega leiðtögn í sjálfum okkur.

Aðeins er fundað tvisvar í mánuði frá september til maí, oftast í Selinu, Eyrarvegi 48 á Selfossi kl. 19:30 til 21:30. Starfið er síðan brotið upp með skemmtilegum jólafundi, bóka-fundi og vorfundi.

Í maí hvert ár er síðan haldið Landsþing þar sem allar deildir af landinu hittast og eiga saman frábæra helgi með hefðbundnum aðalfundarstörfum, fræðslu og verkefnum.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 956 0673, hronn@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvín Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar systur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókagáfan HÓLAR

Stundum fögur blómin ber, burt með einn er flýtir. Svo á jakka oftast er, og í bílnum kortið ver.

Svar við gátu í blaði 2786: EFA og EVA

1. Dreg þessi orð í efa - 2. S-efa
3. Eva - 4. Er á Evukæðum





Purfti að greiða mútufé í Marokkó

Hvergerðingnum Arnari Dór Ólafssyni er margt til lista lagt. Hann útskrifaðist frá Kvikmyndaskóla Íslands árið 2020 og hefur unnið að mörgum fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum síðan. Hann er titlaður sem kvikmyndagerðarmaður en segist vera allt í öllu; tókumaður, ljósmyndari, klippari og framleiðandi, svo eitthvað sé nefnt.

Alltaf haft áhuga á myndavélum

Arnar Dór hefur haft mikinn áhuga á myndavélum og myndefni frá því hann man eftir sér.

„Ég var alveg frá yngri árum að taka myndir og myndbönd á gamla myndavél hjá mömmu og pabba í ferðalögum um Ísland. Síðan fór ég að búa til alls konar Stop Motion-myndir með vini mínum með leikföngunum okkar sem þróaðist svo út í það að ég fékk mína fyrstu myndavél frá ömmu og afa og tölvu frá mömmu og pabba í fermingargjöf sem gerði mér kleift að taka fjölbreyttari myndir og búa til alls kyns myndbönd,“ segir Arnar Dór í samtali við Dagskrána.

Stofnaði eigið framleiðslufyrirtæki

Eftir útskrift úr Kvikmyndaskólanum byrjaði Arnar Dór að vinna hjá framleiðslufyrirtækinu Skjáskot. Þar eru meðal annars framleiddar auglýsingar, sjónvarpsþættir, samfélagsmiðlaefni, hlaðvörp og beinar útsendingar. Auk þess tók hann einstaka sinnum að sér persónuleg verkefni eins og tónlistarmyndbönd eða auglýsingar fyrir samfélagsmiðla.

Hann hefur sagt skilið við Skjáskot og stofnaði nýlega sitt eigið framleiðslufyrirtæki, AD Production, þar sem hann tekur að sér alls kyns verkefni fyrir fólk og fyrirtæki og segist hann vera spennur fyrir komandi tímum.

Hann segir starfið vera mjög fjölbreytt og skemmtilegt þar sem hann vinnur við samfélagsmiðla, auglýsingar, sjónvarpsþætti og ljósmyndun.

„Það getur verið TikTok-upptaka einn daginn og auglýsingaframleiðsla næsta

dag. En alveg sama hvort verkefnið er stórt eða lítið þá fylgir því mikill undirbúningur og hellings eftirvinnsla svo sem klipping, grafík og litaleiðrétting svo fátt eitt sé nefnt. Að baki nokkurra sekúndna auglýsingu er yfirleitt margra klukkustunda vinna eða daga, allt eftir því hversu verkefnið er stórt,“ segir Arnar Dór.

Fór erlendis með LXS

Aðspurður að því hvað sé skemmtilegasta verkefni sem Arnar Dór hefur gert segist hann ekki geta nefnt eitthvað eitt.

„Það sem mér dettur fyrst í hug eru sjónvarpsþættirnir LXS þar sem ég sá um stjórn kvikmyndatöku. Mér er mjög annnt um þá sjónvarpsþætti þar sem ég fékk einnig að stíga inn í framleiðsluna. Tökutímabilið var langt og því var þetta langur og skemmtilegur tími, það er það sem er mér efst í huga. Það hefur verið virkilega skemmtilegt að fylgja stelpunum eftir og einnig að ferðast með þeim erlendis, sem dæmi London, Gran Canaria og nú á síðasta ári Marokkó en þar lentum við í svaka ævintýrum. Það er mjög gaman að ferðast í nýju landi og upplifa nýja hluti sem ég hef ekki upplifað áður og á sama tíma að fá að fanga það á filmu. Það er ekki síst að þakka því frábæra fólki sem var með mér í þessu verkefni.“

Arnar Dór segist hafa unnið með miklu af áhugaverðu og skemmtilegu fólki í vinnunni.

„Það er svo mikið af skemmtilegu fólki í bransanum og svo er alltaf skemmtilegt að kynna nýju fólk. Allir sem ég hef unnið með hafa verið áhugaverðir á sínu sviði, t.d. LXS stelpurnar, tónlistarmenn eins og Patrik Atlason, Daniil, Háski, Séra Bjössi og Lil' Curly. Einnig hef unnið með flestum ráðherrum og fullt af samfélagsmiðlastjórnunum.“

Tók upp á símann sinn í Marokkó

Eins skemmtilegt og starfið hans Arnars Dórs er nefnir hann eitt atvik sem þótti ekki skemmtilegt en sé samt eitt það eftirminnilegasta.

„Ég var að ferðast með LXS til Marokkó í fyrra. Þar fórum við með helling af tókubúnaði sem þó var mjög takmarkaður þar sem við þurftum að fljúga með allt dótíð, en búnaðurinn var líklega upp á 12 milljónir. Þegar við lendum í Marokkó var okkur ekki hleypt inn í landið þar sem þeir sáu upptökubúnaðinn. Ég var tekinn inn í bakherbergi á flugvelliinum þar sem allar upplýsingar voru teknar og mér sagt að mér yrði ekki hleypt inn í landið með búnaðinn nema gegn virkilega hári peningagreiðslu og sérstökum leyfum. Eftir óratíma af samningaviðræðum og veseni þá var ekkert annað að gera en að skilja allan búnaðinn eftir á flugvelliinum og þar af leiðandi þurftum við að taka fyrstu tvo dagana upp á símana okkar á meðan við vorum að leita að tókubúnaði til að leigja í Marokkó. Síðan í lok ferðarinnar urðum við framleiðandinn að vera degi lengur í Marokkó til að leysa út búnaðinn með því að greiða mútufé og fengum lög- og regluglufylgd með búnaðinn í gegnum öryggisleitina og þannig náðum við honum með okkur heim.“

Arnar Dór segir það erfiðasta við starfið vera að vinna á óreglulegum og löngum vinnutímum marga daga í röð. Að hans mati er hins vegar ekkert leiðinlegt.

Utanlandsferðirnar standa upp úr

Árið 2024 var viðburðaríkt hjá Arnari Dór. Hann segir utanlandsferðirnar sem hann fór í standa upp úr.

„Í byrjun árs fór ég til Dubai til að taka upp tónlistarmyndband með Patrik Atlasyni (PBT) og Daníel Moroshkin (Daniil). Þangað var mjög áhugavert að koma og mjög frábrugðið því sem maður er vanur hér heima, þar

er allt morandi í auði. Við fórum í svaka stórhýsi, fengum sportbíla og tígrisdýr í myndbandið svo eitthvað sé nefnt. Síðan fór ég til Marokkó til að taka upp sjónvarpsþættina LXS, þar stóð helst upp úr að gista í sandkastala í Sahara eyðimörkinni þar sem við túruðum á úlföldum og einnig loftbelg sem fór um 1300 metra upp í loftið. Í sumar fór ég svo til Króatíu með vinum mínum sem eru með fyrirtækin Reykjavík Warehouse og Happy Hydrate, en þar gerði ég alls kyns myndefni fyrir fyrirtækin ásamt hlaðvörpum. En þar stóð helst upp úr að þar voru allir nánir og góðir vinir að búa til skemmtilegt og flott myndefni saman.

Þessa dagana er Arnar Dór að vinna að komandi markaðsherferð Done próteindrykkja framleiðandanum ásamt því að vera með alls konar verkefni í vinnslu, önnur á döfinni og margt sem er ekki enn komin tímasetning á. Hann stefnir að því að byggja upp framleiðslufyrirtæki sitt AD Productions og halda áfram að vinna að skemmtilegum og krefjandi verkefnum. EHV



FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opið hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólk 18 til 45 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opið hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Upprekjur

Föstudaga kl. 11-14
Opið hús

Hægt er að panta viðtöl í annan tíma ef þessi tíma henta ekki.

Allir viðburðir auglýstir á Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á aðfangadag og gamlársdagi kl. 12:00, Hrísholti 8. Nýliðafundir falla niður en nýliðar eru velkomnir á Al-Anon fund.

AA

Mán. kl. 20:30 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus. Poniedziałek i czwartek i sobota godzina 19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters anonymous alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, neðri
hæð, miðvikudaga kl. 19:30.

Stemning á Selfossþorrablóti

Myndasafn frá Selfossþorrablótum sem fór fram 25. janúar.



ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir

SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsalur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri!

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
30. janúar kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 30. janúar kl. 14:45

GUÐNI ÁGÚSTSSON
sýnir kvikmynd um föður sinn,
Ágúst á Brúnastöðum

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

KIRKJA

Þorlákskirkja

Guðsþjónusta kl. 17:00. Léttara
form. Verum öll velkomnir.

Skálholtsdómkirkja

Messa í Skálholtsdómkirkju á
kyndilmessu kl. 11 sunnudaginn
2. febrúar. Sr. Kristín Þórunn
Tómasdóttir prédikar og þjónar
ásamt Bergþóru Ragnarsdóttur
djákna. Jón Bjarnason leikur á
orgel og leiðir messu- og safna-
aðarsöng. Sérstakir gestir sem
koma fram í Skálholti þennan
dag er kór Hallgrímskirkju og
Steinar Logi Helgason, organisti.

Miðalskirkja

Guðsþjónusta á kyndilmessu í
Miðalskirkju kl. 14 sunnudag-
inn 2. febrúar. Sr. Kristín Þórunn
og Jón Bjarnason leiða og þjóna.

Selfoskirkja

Messa klukkan 11. Tilrauna-
messa - við prófum nýtt messu-
form, þar sem þeringin er tekin
út, þ.e. yður, þér og oss. Prestur
er Ása Björk og tónlistina leiða
Edit organisti og kirkjukórinn.
Messukaffi og umræður um nýja
messuformið verða í safnaðar-
heimilinu eftir messuna. Endilega
mætið og takið þátt í þróuninni í
kirkjunni okkar!

Sunnudagaskóli er á sama
tíma klukkan 11 í Nýja safnaðar-
heimilinu. Umsjón hafa Sjófn og
leiðtogarnir. Öll eru innilega vel-
komnir.

Mínum einnig á:

Kýrrðarbæn kl. 12 í hádeginu á
þriðjudögum.

Morgunmessu kl. 10 á mið-
vikudögum.

Kríasálmur kl. 10:30 og For-
eldramorgnar kl. 11 á miðviku-
dögum. Þann 5. febrúar kemur
Ólóf Dagmar frá Heilsugæslunni
og talar um næringu ungbarna.

Hveragerðiskirkja

Kvöldguðsþjónusta kl. 20.
Kirkjukórinn syngur ljúfa og fal-
lega tónlist, sr. Ninna Sif þjónar.

HEILSA

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn
meðhöndlun

Yoga Nidra
3., 5. og 7. feb.

Göggu leikfimi
m/Jane Fonda ívafi
5. og 7. feb.

Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is



Cand.mag. í þróttfræðum,
nálistungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsunuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.



Yfir 3000 íbúðir á næstu árum

Uppbygging undanfarinna ára á Suðurlandi hefur verið með ótrúlegum hætti. Íbúðum fjölga á hverju ári og samhlíða byggist upp fjölbreytt atvinnustarfsemi. Atvinnusvæðið er stórt og teygist yfir suðvesturhornið og hluta Suðurlands þar sem einstaklingar og fjölskyldur eru í auknum mæli að velja sér búsetu.

Öflug uppbygging

Innan Sveitarfélagsins Árborgar hefur uppbyggingin verið öflug en um leið skapað krefjandi áskoranir. Við höfum tekist á við áskoranirnar og skapað aðstaður sem styðja við áframhaldandi vöxt samfélagsins. Samstarf sveitarfélagsins við framkvæmdaaðila er mikilvægt enda sameiginlegur ávinningur að íbúðauppbbygging sé stöðug, innviðir til staðar og atvinnustarfsemi vaxi. Slíkt skilar öflugra samfélagi sem getur tekið á móti nýjum íbúum án þess að skerða þjónustu við þá sem fyrir eru.

Fólk og fyrirtæki sýna uppbyggingu innan Sveitarfélagsins Árborgar mikinn áhuga. Gangi áætlanir eftir verða byggðar upp yfir 3000 fjölbreyttar íbúðir á næstu sex til tíu árum ásamt því að nægt framboð verður á lóðum undir atvinnustarfsemi. Því gildir að samgöngur séu einnig í lagi og mæti eftirspurn. Það er sérstakt fagnaðarefni að framkvæmdir við „Selfosbrú“ yfir Ölfusá séu að hefjast. Hún verður gríðarleg samgöngubót sem styrkir svæðið mjög auk þess að veita atvinnu við byggingu hennar og vege-

Bragi Bjarnason

bæjarstjóri og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Árborg.



gerð. Þessir þættir eru í takti við stefnu bæjarstjórnar og samþykktu húsnæðisáætlun Árborgar og ánægjulegt að sjá framvindu mála.

Tryggja lóðir til framtíðar

Samkvæmt tölum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar er Sveitarfélagið Árborg meðal örfárra sveitarfélaga sem tryggja hafa nægt lóða- og íbúðaframboð miðað við þörf. Slíkt er mjög jákvætt og hvetur okkur til að tryggja jafnframt nægt framboð lóða undir atvinnustarfsemi og nú þegar eru tilbúnar lóðir og fleiri bætast við á vormánuðum.

Í skipulagsmálum er mikilvægt að horfa til lengri tíma, reyna að sjá fyrir þróun og mótn bygðar, innviða og samgangna og tengingu þeirra við núverandi byggð. Innan Sveitarfélagsins Árborgar er þróunin ör með uppbyggingu nýrra hverfa, miðbæjar og breytinga í eldri hverfum á Selfossi. Spannandi tækifæri eru við ströndina á Eyrarbakka og Stokkseyri með nánd við sterka þjónustukjarna og höfnina í Þorlákshöfn. Framtíð Suðurlands er björt og ljóst er að Árborg er og verður frábær búsetukostur sem og miðja verslunar, þjónustu og iðnaðar til framtíðar.

Tækjabúnaður fluttur í Efri-Laugdælareyju

Siglt var með tækjabúnað á pramma út í Efri-Laugdælareyju í Ölfusá í síðustu viku, sem nýta á við jarðvegsrannsóknir vegna byggingar nýrrar Ölfusárbrúar.

Vegagerðin greinir frá þessu. Vegna flóða og jakaburðar í Ölfusá, sem sjaldan hefur verið vatnsmeiri, varð að sæta lagi við að koma búnaðinum út í eyjuna. Í byrjun vikunnar sjatnaði í ánni og gafst þá færi á að hefja flutningana frá austurbakka árinna, en þar var búið að koma upp lendingu fyrir prammann. Félagar úr Björgunarfélagi Árborgar voru til öryggis á staðnum og fylgdust grannt með prammanum sigla á milli lands og eyju.

Berglög í Efri-Laugdælareyju voru rannsökuð árið 2015 en nú verða gerðar enn frekari rannsóknir á samsetningu jarðvegarins því reisa á 60 metra háan turn sem mun bera uppi

nýja Ölfusárbrú. Vegna verkhönnunar á undirstöðu fyrir turninn þarf að gera enn ítarlegri og nákvæmari rannsóknir á samsetningu jarðvegarins, að sögn Höskuldar Tryggvasonar, verkefnastjóra á framkvæmdadeild Vegagerðarinnar.

Starfsfólk Vatnsborunar ehf. mun sjá um rannsóknirnar, en félagið er undirverktaki hjá ÞG verk sem sér um byggingu brúarinnar. Nú er unnið við jarðvegsskipti á veltengingum austan árinna og einnig er búið að setja upp vinnubúðir austan við Laugdælaveg. Áætlað er að fljótlega hefjist vinna við bergskeringar vestan árinna en það krefst þess að loka þarf göngustígnum í Helliðsskógi. Eins og stendur er unnið að útfærslu á hjáleikum fyrir gangandi vegfarendur nær árbakkanum.

Ljósmynd: Anton Brink



AUGLÝSINGAR UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Flóahreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

1. Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps; Stækkun á Búðanámu; Aðalskipulagsbreyting - 2411052
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum 22. janúar s.l. tillögu aðalskipulagsbreytingar til kynningar. Breytingin felur í sér stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvogi. Stærð námunnar er 1 ha og heimilud efnistaka er 50.000 m³. Náman verður stækkuð í 4,5 ha og efnismagn sem heimilt verður að taka er hækkað í 60.000 m³.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga aðalskipulagsbreytingar eftirfarandi skipulagsáætlunar:

2. Aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029; Nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði í Áshildarmýri; Aðalskipulagsbreyting - 2408073
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 15. október 2024, aðalskipulagsbreytingu til auglýsingar, sem tekur til skilgreiningar á vatnsbóli í landi Hjálmhólts. Vatnsbólíð er í Flóahreppi en vatnsverndarsvæði er skilgreint þvert á sveitarfélagsmörk í Flóahreppi og Skeiða og Gnúpverjahreppi. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólíð í notkun. Samhlíða er gerð breyting á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 þar sem gerð er grein fyrir vatnsverndarsvæði.

Samkvæmt 41. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytingar:

3. Sauðholt 2 L193421; Skilgreining tveggja frístundalóða, Slot og Hof; Deiliskipulag - 2412067
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum 22. janúar 2025, deiliskipulag til auglýsingar sem í felst skilgreining tveggja frístundalóða. Á hvorri lóð er heimilt að byggja sumarhús, gestahús og geymslu/áhaldað. Aðkoma að lóðunum er um nýjan slóða af heimreið að Sauðholti 2. Gert er ráð fyrir að lóðirnar fái staðvísana Slot og Hof.

4. Efra-Langholt land 2 L219044; Tamningastöð og reiðskóli, 4 gestahús; Nýbýli; Fagurhólsbrekka; Deiliskipulag - 2501021
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum 16. janúar 2025, deiliskipulag til auglýsingar sem tekur til lands Efra-Langholts 2, L219044. Innan deiliskipulagsins er gert ráð fyrir að landið fái staðfangið Fagurhólsbrekka. Í deiliskipulaginu felst heimild fyrir uppbyggingu á nýju býli til ábúðar þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsi ásamt tamningarstöð og reiðskóla. Auk þess er gert ráð fyrir heimild sem tekur til uppbyggingar á allt að fjórum gestahúsum.

5. Markhóll L230917; Skilgreining landsspildu, íbúðarhús, 2 gestahús og skemma; Deiliskipulag - 2501020
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum 22. janúar 2025, deiliskipulag til auglýsingar sem tekur til skilgreiningar á byggingarreit og byggingarheimildum innan spildunnar Markhóls L230917 úr landi Kálfhóls. Innan skipulagsins er gert ráð fyrir heimild fyrir íbúðarhúsi, bílskúr, skemmu auk tveggja gestahúsa.

6. Minni-Ólafsvellir L166482; Breytt landnotkun; Deiliskipulagsbreyting - 2501019
Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum 22. janúar 2025 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar sem tekur til Minni-Ólafsvalla L166482. Í breytingunni felst aukning á heimildum fyrir uppbyggingu á svæðinu í takt við breytingu á aðalskipulagi þar sem skilgreint var verslunar- og þjónustusvæði og íbúðarbyggð. Innan byggingarreita A1, A3 og A4 er gert ráð fyrir að heimilt verði að byggja allt að 10 gestahús, íbúðarhús auk bygginga tengdum hestamennsku. Hámarksbyggingarmagn er 1.200 fm. Á reit A2 er gert ráð fyrir allt að þremur íbúðum, sambyggðum eða stakstæðum. Hámarksbyggingarmagn er 600 fm.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna eftirfarandi óverulegrar breytingar á aðalskipulagi:

7. Hjálmholt L166235; Breytt lega frístundasvæði F22; Óveruleg aðalskipulagsbreyting - 2406056
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum 21. janúar 2025, tillögu óverulegrar breytingar á aðalskipulagi sem tekur til breyttrar legu frístundasvæðis F22, Hvítarbyggð L238531 sem áður var hluti jarðarinnar Hjálmholt. Breytingin tekur eingöngu til skilgreindrar legu svæðisins innan fyrrgreinds lands, engar breytingar eru gerðar sem taka til skilmála svæðisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni [www.utu.is](#) og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna [www.asahreppur.is](#), [www.floahreppur.is](#), [www.fludir.is](#) og [www.skeidgnup.is](#).

Mál 1 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 30. janúar 2025 með athugasemdarfresti til og með 21. febrúar 2025.

Mál 2 - 6 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 30. janúar 2025 með athugasemdarfresti til og með 14. mars 2025.

Mál 7 er tilkynning um niðurstöðu sveitarstjórnar er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Athugasemdum og ábendingum skal skila inn á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [www.skipulagsgatt.is](#) undir viðeigandi máli. Einnig má koma á framfæri athugasemdum og ábendingum skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið [skipulag@utu.is](#). Fyrirspurnir má senda á netfang [UTU@utu.is](#).

Vígús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og Tæknisviðs Uppsveita



100 íbúðir í byggingu í Rangárbírgi eystra

Samkvæmt nýjustu tölum Hagstofunnar voru íbúar Rangárbírgs eystra 2167 talsins þann 1. janúar 2025. Þetta er mesti íbúafjöldi sem sveitarfélagið hefur haft og nemur fjölgunin milli ára 7,97%.

Kemur þetta fram á heimasíðu Rangárbírgs eystra.

„Sveitarfélagið stendur vel, innviðir eru sterkir, uppbygging heldur áfram sem aldrei fyrr og íbúum okkar heldur áfram að fjölga“, segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárbírgs eystra.

„Fjölgun íbúa er jákvæð þróun en kallar á mikla ábyrgð. Við þurfum að tryggja að innviðirnir okkar standist þessa fjölgun og að við getum veitt íbúum lögbundna þjónustu. Sveitarstjórn Rangárbírgs eystra tekur þessu hlutverki alvarlega og horfir björtum augum til framtíðarinnar.“

Mikil uppbygging íbúða

Fjölgun íbúa kallar á aukna uppbyggingu húsnæðis í Rangárbírgi eystra. Um 100 íbúðir eru nú í byggingu víðs vegar um

sveitarfélagið. Þessar íbúðir eru á mismunandi byggingarstigum, allt frá útgáfu byggingarleyfis til lokaúttektar.

„Það er mikilvægt að uppbygging húsnæðis haldi í við fjölgun íbúa“, segir Anton Kári. „Undanfarin fjögur ár höfum við náð að halda jafnvægi á milli íbúðauppbyggingar og íbúa-fjölgunar.“

„Sveitarfélagið leggur áherslu á að skapa góðar aðstæður fyrir íbúa sína, bæði nýja og gamla. Með sterkum innviðum, öflugri uppbyggingu og blómlegu atvinnulífi er Rangárbírg eystra aðlaðandi staður til að búa og starfa“, segir á heimasíðu sveitarfélagsins.



Nýtt 68 herbergja hótél byggt á Hvolsvelli

Framkvæmdir eru hafnar við nýtt 68 herbergja lúxushótél á Hvolsvelli. Hótelið, sem mun bera nafnið Hótél Lóa, rís á lóðinni við hliðina á Apótekar-anum og beint á móti Lava. Fyrsta skóflustungan var tekin í síðustu viku og framkvæmdir

komnar á fullt. Áætlað er að hótelið opni í sumar.

Hópur fjárfesta mun sjá um að fjármagna nýja hótelið, sem mun kosta tæpa tvo milljarða króna. Með tilkomu þess. verða um 30 ný störf til á Hvolsvelli.

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir



Lagnir og Lausnir ehf
Ykkar óskir, okkar lausnir

Kristinn 660 1580 Einar 660 1581 lagniroglausnir.is



Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun

Sími 510 1180

Hellismýri 14 - 800 Selfossi

ALHLIÐA BYGGINGA- VERKTAKAR

848 0964 899 0979
GÍSLI ÖRN

GBHOUSEHF@GMAIL.COM



SÍMI: 848-0964

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta

Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn

Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com



LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

LAGNALAND

LAGNALAUSNIR

Áreiðanlegir pípulagningaverktakar

NÝLAGNIR - HITAKERFI
FRÁRENNSLI - VIÐGERÐIR

Sími 769 0001
lagnaland@lagnaland.is



Fæst hjá
BYKO Selfossi



ÖKULAND

Endurmenntun
atvinnubílstjóra
Akstursþjálfun
Meirapróf
okuland.is

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluðuskipti

Bilverk BA

Far sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla

Persónuleg þjónusta

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími



NÝTT

Vinnuvélanámskeið
á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is